

**Ed.**

**164. Nefndarátt**

um frumvarp til laga um viðauka við lög nr. 36, 27. júní 1921, um samvinnufélög.

Frá allsherjarnefnd.

Frv. þetta er borið fram af ríkisstjórninni eftir ósk Sláturfélags Suðurlands. Óskar S. S. að fá viðanka þann, er felst í frv., inn í samvinnulögin, vegna þess að það telur vafasamt, að það fyrirkomnlag um kosningar til aðalfundar, sem gildir í félaginn, samrýmist fyllilega fyrirmælum samvinnulaganna. Hins-

vegar telnr stjórn S. S., að fyrirkomnlag þetta hafi i framkvæmd reynzt svo vel innan félagsins, að óheppilegt mnni vera að breyta því þannig, að það tvímæla-  
laust samrýmist gildandi fyriræluæ samvinnlaganna. Þess vegna óskar félags-  
stjórnin að fá þennan viðanka inn í lögín. Nefndin sér ekki neina ástæðn til að  
leggjast á móti frv. þessu og leggur því til, að það verði samþykkt.

. Alþingi, 21. febr. 1930.

Jón Baldvinsson, Ingvar Pálmason. Jón. Jóhannesson.  
form. fundaskrifari og frsm.